

máli þessu, greiði kr. 400.00 útvistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. desember 1970.

Nr. 170/1970. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Samúel Jónssyni

(Kristinn Einarsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir upp- sögu héraðsdóms.

Ákærði, er hafði skýrt svo frá í þinghaldi í sakadómi Ísa- fjarðar 26. nóvember 1969, að hann hefði neytt áfengis á heimili sínu eftir ökuóhappið, en áður en lögreglumenn komu á vettvang, hefur komið fyrir dóm og ítrekað þá staðhæfingu sína. Bjarni Jónsson hefur sem vitni borið það, að eftir öku- óhappið hafi ákærði farið inn í borðstofu í húsi sínu og farið að neyta áfengis og verið við áfengisneyzlu, þar til lögreglu- menn komu á staðinn, a. m. k. hálf tíma eftir að ákærði kom inn í húsið. Þá hefur Þorsteinn Einarsson bakari borið um áfengisneyzlu ákærða, áður en hann hóf aksturinn, en lög- reglumennirnir Jóhann Jason Kárason, Haraldur Guðmunds Benediktsson og Kristinn Friðbjörn Ásgeirsson um handtöku ákærða og skýrslugjöf hans fyrir lögreglu.

Eins og ökuóhappi ákærða var háttað, verður ekki talið, að hann hafi gerzt brotlegur við 2. mgr. 41. greinar um-

ferðarlaga nr. 40/1968, þótt hann tilkynnti það ekki til lög-reglu. Að öðru leyti varðar háttsemi ákærða við þau laga-ákvaði, sem í ákæru greinir. Ber samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann að niðurstöðu til.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Samúel Jónsson, greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, Kristins Einarssonar hæsaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 27. ágúst 1970.

Ár 1970, fimmtudaginn 27. ágúst, var á dómþingi sakadóms Ísa-fjarðar, sem háð var í dómsal embættisins að Pólgötu 2 á Ísafirði af Björgvin Bjarnasyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 18. marz 1970, gegn Samúel Jónssyni forstjóra, Seljalandsvegi 6 á Ísafirði, fæddum 7. janúar 1910 á Langeyri í Súðavíkurbreppi, fyrir að aka mánu-dagskvöldið 20. október 1969 í beinu framhaldi af neyzlu áfengis og undir áhrifum þess bifreiðinni Í 803 frá vinnustað sínum, Hafnarstræti 1 á Ísafirði, heim til sín að Seljalandsvegi 6, en er ákærði hugðist aka bifreiðinni þar inn á lóðina, lenti afturhluti hennar út af veginum, þannig að bifreiðin festist og stóð eftir það þvert yfir veginn, og þannig yfirgaf ákærði bifreiðina án þess að gera ráðstafanir til að tilkynna óhappið til lögreglu.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr., sbr. 4. mgr. og 2. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar. Ákærði

er kominn yfir aldur sakhæfra manna og hefur hvorki sætt refsingu né ákæru, svo að kunnugt sé.

Mánudaginn 20. október 1969, um kl. 2005, er lögreglumennirnir Jóhann Kárason og Haraldur Benediktsson voru á eftirlitsferð á Seljalandsvegi, komu þeir að bifreið ákærða, Í 803, þar sem hún stóð út af veginum neðan við húsið nr. 6 við Seljalandsveg. Eigandi bifreiðarinnar, ákærði í máli þessu, var þar heima hjá sér, og var hann áberandi ölvaður.

Farið var með hann á varðstofu lögreglunnar og tekið úr honum blóðsýni kl. 2050, og í því fundust reducerandi efni, er samsvara 1.60% af alkóhóli.

Ákærði kveðst hafa byrjað að drekka létt vín, Saki, um kl. 1800 á vinnustað sínum að Hafnarstræti 1 og um kl. 1900 hafi hann farið á bifreið sinni, Í 803, heim og afturhluti bifreiðarinnar farið út af, er hann ætlaði að aka inn á bifreiðastæði á lóð nr. 6 við Seljalandsveg. Þegar ákærði gat ekki hjálparlaust náð bifreiðinni upp á veginn, hafði hann samband við Aðalbjörn Tryggvason kaupmann, Brunngötu 7 hér í bæ, um kl. hálf sjö, er slysið varð, og kom hann til aðstoðar. Þegar hann kom á staðinn, voru lögreglumenn komnir þangað, og sáu þeir ásamt Aðalbirni um að ná bifreiðinni upp á veginn, og var hún síðan sett á bifreiðastæðið.

Nefndur Aðalbjörn, sem nú er látinn, kom fyrir dóminn, og kvaðst vitnið hafa séð, að ákærði var undir áhrifum áfengis, er það kom til að aðstoða hann við að ná bifreiðinni upp.

Ákærði hefur haldið því fram, er skýrsla var tekin af honum af lögreglumönnum, að hann hafi ekki drukkið áfengi í umrætt skipti, ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og ekki drukkið áfengi, eftir að hann hætti að aka bifreiðinni.

Nefndir lögreglumenn hafa komið fyrir í dóminn og unnið eið að framburðum sínum. Jafnframt því að staðfesta skýrslu sína um það atriði, að ákærði hafi ekki neytt áfengis, eftir að hann hætti akstri bifreiðarinnar, hafa þeir staðfest, að af ákærða hafi verið talsverður áfengisþefur, andlit hans eðlilegt og snyrtilegt, framkoma kærulaus og ákærði þrætugjarn, augu hans vot og dauf, jafnvægi óstöðugt, málfar þvoglulegt og framburður ruglingslegur og samhengislaus.

Þá hefur bróðir ákærða, Bjarni Jónsson trésmiður, komið í dóminn og áminntur um sannsögli skýrt frá því, að hann hafi talað við ákærða, þegar hann kom út úr bifreiðinni, og þá hafi ekki verið frítt við það, að ákærði væri undir áhrifum áfengis.

Ákærði hefur ítrekað þrætt fyrir það að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn.

Ákærði fullnægði ekki þeirri skyldu samkvæmt 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga að tilkynna um út af akstur bifreiðar sinnar til lögreglunnar.

Þrátt fyrir neitun ákærða verður að telja með tilliti til niðurstöðu alkóhólrannsóknar, framburða lögreglumanna og Bjarna Jónssonar, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem hann er borinn í ákæru, og eru brot hans rétt heimfærð þar til refs-
ákvæða.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, þykir brot ákærða nægilega sannað, eins og því er í ákæru lýst, og varða þau við þar greind ákvæði, eins og að framan getur, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Með vísun til 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar, þar með talin málflutningslaun til verjanda ákærða, Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Samúel Jónsson, sæti varðhaldi í 10 daga. Ákærði er sviptur ökuleyfi í eitt ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til verjanda síns, Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.